

2030

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 299/1992.

Jón S. Bjarnason

Heba Hallsdóttir og

Bjarni G. Ágústsson

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Róbert Árna Hreiðarssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Vextir. Tómlæti. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1992. Þau krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður falli þá niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði gert óskipt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi höfðaði mál á hendur áfrýjendum í febrúar 1986 til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 10. desember 1984, upphaflega að fjárhæð 140.000 krónur, en skuldin var bundin vísi-tölu. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 8. apríl 1986, voru kröfur stefnda í því máli teknar til greina á þann hátt, að áfrýjendum í þessu máli var gert að greiða honum 219.289,23 krónur með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 10. janúar 1986 til 1. mars sama ár, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, svo og 27.800 krónur í málskostnað. Þá var kveðið á um heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti.

Áfrýjandi í þessu máli, Heba Hallsdóttir, innti af hendi til stefnda

greiðslur samkvæmt þessum dómi 24. október og 1. nóvember 1990, samtals 839.863,79 krónur. Stefndi féllst þar með á að hverfa frá kröfu um nauðungaruppboð á fasteign hennar að Þingási 35 í Reykjavík. Í kvittun fyrir síðari greiðslunni gerði stefndi fyrirvara „um vangreiðslu heildarskuldar í uppboðsmálinu Þingás 35, Rvík. Uppboðsbeiðandi áskilur sér rétt til málsóknar vegna vangreiðslu heildarkröfunnar“. Þar er þó ekki greint nánar frá, í hverju sú vangreiðsla sé fólgin. Í kjölfarið höfðaði stefndi síðan þetta mál á hendur áfrýjendum og leitar nú dóms um kröfur, sem voru ekki hafðar uppi í fyrra máli þeirra, en hann styður þó við sama grundvöll og kröfurnar í því máli. Endanlegar kröfur stefnda, eins og hann setti þær fram fyrir héraðsdómi, eru aðallega, að áfrýjendur verði dæmd til að greiða sér 298.608,24 krónur, en til vara 237.504,70 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 13. febrúar 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í aðalkröfu sinni krefst stefndi annars vegar greiðslu á 237.504,70 krónum, sem er einnig heildarfjárhæð varakröfu hans. Hann kveður þetta vera vexti, sem hann eigi tilkall til úr hendi áfrýjenda til viðbótar við greiðslur fengnar á árinu 1990. Þetta tilkall byggir stefndi á því, að með dómi í upphaflega máli sínu á hendur áfrýjendum hafi sér verið dæmdir vextir, eins og áður greinir, þar á meðal 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 1. apríl 1986 til greiðsludags skuldarinnar. Þar hafi ekki verið unnt að mæla fyrir um, að þessir vextir tækju breytingum eftir uppkvaðningu dómsins í samræmi við vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands, enda hafi lagaheimild til slíkrar dómsniðurstöðu fyrst komið til við gildistöku vaxtalaga. Stefndi kveður fjárhæð dráttarvaxta, reiknaðra eftir hljóðan dómsorðs, hafa á greiðsludegi í nóvember 1990 verið 237.504,70 krónum lægri en ef þeir hefðu verið reiknaðir eftir gildandi vaxtaákvörðunum Seðlabankans á hverjum tíma frá uppkvaðningu dómsins. Þessa fjárhæð vanti þannig á, að hann hafi fengið fullar efndir á kröfu sinni með greiðslum samkvæmt dóminum. Afgang aðalkröfunnar kveður stefndi hins vegar vera fjárhæð dráttarvaxta af málskostnaði, sem honum var dæmdur úr hendi áfrýjenda í fyrra máli þeirra. Stefndi telur sig hafa átt tilkall til vaxta af málskostnaði líkt og af hvers konar annarri gjaldfallinni skuld. Þegar dómur gekk í upphaflegu máli hans á hendur áfrýjendum, hafi á hinn bóginn skort lagaheim-

ild til að mæla þar fyrir um skyldu þeirra til að greiða dráttarvexti af málskostnaði, en hún hafi fyrst verið veitt með breytingu, sem var gerð með lögum nr. 54/1988 á þágildandi lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

II.

Fyrir héraðsdómi kröfðust áfrýjendur, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Byggðu þau aðallega á því, að kröfurnar, sem stefndi gerir í málinu, hafi þegar verið dæmdar að efni til með fyrrnefndum dómi bæjarþings Reykjavíkur, og bæri því að vísa málinu frá dómi vegna þágildandi ákvæða í 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936. Til vara var frávísunarkrafan studd við þau rök, að kröfur stefnda væru ekki nægilega skýrar til að efnisdómur yrði lagður á þær. Í dómi, upp kveðnum 12. desember 1991, varð héraðsdómari við þessari kröfu á grundvelli fyrrnefndu röksemdar áfrýjenda. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. febrúar 1992, var frávísunardómurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar, en þar var ekki að öðru leyti tekin afstaða til röksemdarinnar, sem áfrýjendur höfðu haldið uppi til vara fyrir frávísunarkröfu sinni. Stendur sá dómur þannig ekki því í vegi, að nú verði metið, hvort kröfur stefnda, sem áfrýjendur hafa vefengt útreikning á, séu nægilega skýrar, enda tengist úrlausn um það efnishlið málsins, sbr. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim.

Í málinu liggur ekki fyrir af hendi stefnda sundurliðaður útreikningur á kröfulið hans vegna vaxtamunar, að fjárhæð 237.504,70 krónur. Forsendur fyrir útreikningi á þeirri kröfu hafa á hinn bóginn verið skýrðar af stefnda nægilega, til að leggja megí dóm á hana.

Mjög skortir hins vegar á, að stefndi hafi gert viðhlítandi grein fyrir kröfulið sínum vegna vaxta af málskostnaði. Þannig hefur ekki komið fram undir rekstri málsins sérstök skýring á því, hver höfuðstóll þessa kröfuliðar er og hvernig hann er fundinn. Þá hefur stefndi í framlögðum útreikningum sínum um uppgjör á kröfum samkvæmt dómi í fyrra máli hans á hendur áfrýjendum steipt saman málskostnaði og öðrum útlögðum og áföllnum kostnaði þar, en reiknað síðan í einu lagi og án nánari skýringa vexti af kostnaði. Er óumdeilt, að hann hafi fengið nokkra greiðslu á þeim vöxtum í

október og nóvember 1990. Af þessum sökum liggur ekki ljóst fyrir, hvort stefndi hafi á þennan hátt fengið að einhverju leyti greidda vexti af málskostnaðinum. Málatilbúnaður stefnda um þetta atriði er enn frekar á reiki, þegar litið er til þess, að í greinargerð hans í héraði er staðhæft, að áfrýjandinn, Heba Hallsdóttir, hafi fallist á að greiða að nokkru vexti af málskostnaði, en á þessari staðhæfingu hafa ekki fengist nánari skýringar. Verður því vegna þessarar vanreifunar að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi að þessu leyti og vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfu stefnda um, að áfrýjendum verði gert að greiða honum dráttarvexti af tildæmdum málskostnaði í fyrra máli þeirra, en eins og málið liggur fyrir, verður að líta svo á, að fjárhæðin í þeim kröfulið nemi 61.103,54 krónum.

III.

Þegar stefndi höfðaði fyrra mál sitt á hendur áfrýjendum, var ekki heimilt að lögum að mæla svo fyrir í dómi, að vextir af kröfu samkvæmt honum tækju breytingum eftir dómsuppkvaðningu til samræmis við gildandi vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Þurfti þess í stað að kveða á um tiltekinn vaxtafót, sem skyldi standa frá tímamarki fyrir uppkvaðningu dóms fram til greiðsludags kröfu. Áður en málið var höfðað, höfðu um árábil verið nokkuð tíðar sveiflur á ákvörðunum um hæð dráttarvaxta, sem hækkuðu ýmist eða lækkuðu. Þá var ekki viðurkennt, að dómhafi gæti leitað fullnustugerðar til greiðslu á dráttarvöxtum samkvæmt hærri vaxtafæti en ákveðið hafði verið í dómi, að skuld við hann bæri eftir dómsuppkvaðningu, og átti hann því ekki lögmat úrræði til að knýja á um uppgjör á öðrum forsendum en samkvæmt hljóðan dómsins.

Við höfðun fyrra málsins á hendur áfrýjendum mátti stefndi búast við, að hækkun gæti allt eins orðið á dráttarvöxtum samkvæmt opinberum vaxtaákvörðunum eftir uppkvaðningu dóms og fram að því, að skuldin yrði greidd. Þá hafði stefndi ekki ástæðu til að ætla, að hann gæti krafist uppgjörs skuldarinnar á grundvelli dómsins með hærri dráttarvöxtum en þar yrði mælt fyrir um. Ef stefndi vildi ekki una við uppgjör á þeirri forsendu, hafði hann því fulla ástæðu til að gera skýran áskilnað við höfðun málsins um, að hann kynni með nýrri málsókn að krefjast greiðslu á hærri vöxtum en yrði mælt

fyrir um í væntanlegum dómi, gæfist tilefni til þess vegna breytinga á vaxtaákvörðunum Seðlabanka Íslands. Stefndi gerði engan áskilnað af þessum toga við höfðun málsins í febrúar 1986. Hann gerði ekki heldur slíkan áskilnað á síðari stigum, svo að séð verði, fyrr en við höfðun þessa máls, en fyrirvari, sem stefndi gerði í kvittun, dagsettri 1. nóvember 1990, fyrir lokagreiðslu skuldar samkvæmt dómi í fyrra málinu, er ekki orðaður með svo skýrum hætti, að hægt sé að líta á hann sem áskilnað um þennan rétt.

Samkvæmt framansögðu verður þannig að telja, að stefndi hafi glatað rétti til að halda uppi kröfu á hendur áfrýjendum um frekari vexti af skuld þeirra við hann en honum voru dæmdir eftir orðanna hljóðan með dómi bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1986. Með því að óumdeilt er, að stefndi hafi fengið að fullu greidda vexti, reiknaða samkvæmt þessu, verða áfrýjendur sýknuð af kröfum hans í þessum efnum.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefnda gert að greiða áfrýjendum upp í málskostnað samanlagt í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt því, sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnda, Róberts Árna Hreiðarssonar, á hendur áfrýjendum, Jóni S. Bjarnasyni, Hebu Hallsdóttur og Bjarna G. Ágústssyni, um greiðslu á 61.103,54 krónum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur skulu vera sýkn af öðrum kröfum stefnda í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum 100.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., kt. 160546-3019, Skeifunni 17, Reykjavík, með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, á hendur Jóni S. Bjarnasyni, kt. 160458-5939, Þingási 35, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, kt. 220158-4899, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarna G. Ágústssyni, kt. 091231-3449, Víkurbraut 48, Grindavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.608,24 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. I. nr. 25/1987 frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1992, sbr. 12. gr. I. nr. 25/1987.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 237.504,70 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. I. nr. 25/1987 frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og reiknist af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1991, sbr. 12. gr. I. nr. 25/1987.

Í aðalkröfu jafnt sem varakröfu er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tilmældan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði alsýknuð af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar.

Enn fremur er í aðal- og varakröfu krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla I. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður kröfuna grundvallast á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000,00 kr., með lánskjaravísitölu 910 stig, út gefnu 10. desember 1984 af stefnda Jóni til Sævars Óskarssonar. Til tryggingar greiðslum hafi verið veðsett ýmis tæki, sem tilheyrðu versluninni Réttarholti. Einnig hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð stefnda Heba og stefndi Bjarni.

Hinn 5. febrúar 1986 hafi stefnda Jóni S. Bjarnasyni o. fl. verið stefnt til greiðslu skuldar skv. bréfi þessu. Dómur hafi fallið 8. apríl 1986, og sé dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndu, Jón S. Bjarnason, Heba Hallsdóttir og Bjarni B. Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., 219.289,32 kr. með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. 1. 1986 til 1. 3. sama ár, en með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. 4. sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og 27.800,00 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má færa til höfuðstóls á hverju 12 mánaða tímabili.

Staðfestur er 1. veðréttur í fyrrnefndum vélum og tækjum tilheyrandi versluninni Réttarholti til tryggingar dæmdum kröfum. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu dómsins.“

Hinn 27. 2. 1987 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Víkurbraut 48, Grindavík, eign stefnda Bjarna G. Ágústssonar, og hún síðan seld á nauðungaruppbóði, án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfu stefnanda. Stefndi Bjarni sé tilgreindur í stefnu og dómi sem Bjarni B. Ágústsson, en þar muni vera um prentvillu að ræða.

Hinn 19. 7. 1989 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Þingási 35, Reykjavík, eign stefndu Hebu Hallsdóttur. Þriðja og síðasta uppbóð hafi átt að fara fram 5. 11. 1990, en verið afturkallað, þar sem stefnda Heba greiddi stefnanda 24. 10. 1990 769.149,00 kr. og 1. 11. 1990 70.714,79 kr., samtals 839.863,79 kr.

Gegn andmælum stefnanda hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í samræmi við vaxtaákvæði dómsins frá 8. apríl 1986. Eftir 1. 4. 1986 hafi stefnda Heba þannig ekki greitt hærri dráttarvexti en 2,25% á mánuði til greiðsludags. Hafi hún talið þetta fullnaðargreiðslu af sinni hálfu og neitað frekari greiðslum. Stefnandi hafi talið, að stefnda hefði með greiðslu þessari greitt upp hluta kröfunnar. Þar sem dómurinn hafi ekki verið fullnægjandi sem aðfarargrundvöllur um fullar efndir, hafi hann afturkallað uppbóð á fasteign stefndu. Hins vegar hafi hann talið kröfuna sjálfa mun hærri, þar sem dráttarvextir hafi hækkað 1. 3. 1987 og eftir það yfirleitt verið mun hærri en greini í dómsorði. Hafi hann því gefið stefndu kvittun með fyrirvara um málsókn til heimtu þessa mismunar.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og eðli máls sé skuldari skyldur til að greiða kröfuhafa kröfu hans að fullu. Það hafi stefndu ekki gert, með því að stefnda Heba neitaði að greiða fulla dráttarvexti samkvæmt kröfunni.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins hafi stefndu borið að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti á hverjum tíma, ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Ákvæði bréfsins séu í samræmi við 5. gr. 1. nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sem þá hafi gilt. Samsvarandi ákvæði sé nú í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vegna réttarfarsákvæða hafi hins vegar ekki verið heimild í lögum fyrir dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum fyrir gildistöku vaxtalaga, sbr. 14. gr. vaxtalaga, sem vísi til 88. gr., sbr. 193. gr. eml. nr. 85/1936. Hafi það varðað frávisun máls, ef vaxtahæð hafi ekki verið tilgreind í stefnu. Telja verði andstætt tilgangi dómsmeðferð-

ar, að kröfuhafi sé verr settur, eftir að dómur fellur, en hann hafi verið fyrir dómsuppsögu. Stríði það gegn sanngirnisjónarmiðum, að tilviljun ráði því, hvort kröfuhafi fái fullar efndir á kröfu sinni eða ekki.

Hæstiréttur hafi nú heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, þegar hún hafi átt rót sína að rekja til almennra vaxtahækkana, sem orðið hafi, eftir að dómur féll í héraði, án þess að skilyrðum 45. gr. l. nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Á sama hátt sé unnt að fá síðar dóm fyrir þeim mismun, sem af þessu leiði, þar sem hér sé á ferð mál, sem eldri dómurinn fjalli ekki um og nái ekki til í raun.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu kveður stefnandi þannig til komna, að reiknaðir séu dráttarvextir af höfuðstól skuldarinnar, 219.289,23 kr., frá 10. 1. 1986 til 24. 10. 1990, er stefnda Heba hafi greitt verulegan hluta skuldarinnar. Dráttarvextir þessir séu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands hverju sinni, en um sundurliðun þeirra vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 18. Dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól skuldarinnar og þeir reiknaðir af þeirri fjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1987. Samtals nemi dráttarvextir á þessu tímabili 705.511,60 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af eftirstöðvum, 373.799,58 kr., frá 24. 10. 1990 til 31. 10. 1990, 1.569,95 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af dæmdum málskostnaði frá 23. apríl 1986, en af öðrum kostnaði eftir því, sem hann hafi fallið á kröfuna. Samtals nemi dráttarvextir þessir 126.264,50 kr. Samtals séu því dráttarvextir af höfuðstól og kostnaði 833.346,05 kr. Frá fjárhæð þessari séu síðan dregnir dráttarvextir þeir af sama höfuðstól, sem stefnda Heba hafi talið sér skylt að greiða, þ. e. 3,75% dráttarvextir frá 10. 1. 1986 til 1. 3. s. á, en 2,75% dráttarvextir frá þeim degi til 1. 4. s. á., en 2,75% (sic) dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Við útreikning hafi verið tekið tillit til þess, ef vaxtahæð var lægri tiltekin tímabil, en svo hafi verið tímabilið 1. 12. 1988 til 1. 4. 1989 og tímabilið 1. 4. 1990 til 24. 10. 1990. Um hæð dráttarvaxta á þessum tímabilum vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 14. Samtals séu dráttarvextir þessir að fjárhæð 468.835,26 kr. Einnig séu dregnir frá dráttarvextir af 70.468,15 kr. fyrir tímabilið 24. 10. 1990 til 31. 10. 1990, að fjárhæð 246,64 kr. Þá séu einnig dregnir frá dráttarvextir af kostnaði, sem stefnda hafi beinlínis samþykkt að greiða, að fjárhæð 59.609,41 kr. Samtals komi því til frádráttar 528.691,31 kr. Fáist þannig fjárhæðin 833.346,05 kr. að frádragnum 528.691,41 kr., þ.e. 304.564,74 kr., sem hafi verið upphafleg dómkrafa.

Stefnufjárhæð í varakröfu sé fundin á sama hátt, nema ekki séu þar teknir inn í vextir af dæmdum málskostnaði.

Viðurkennt sé, að hluti dráttarvaxta þeirra, sem hér sé gerð krafa um, sé

fyrndur. Fallist sé á það með stefndu, að svo sé um dráttarvexti, sem féllu á kröfuna fyrir 13. 2. 1987. Krafa sú, sem hér sé höfð uppi, hljóði um greiðslu mismunar á breytilegum vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og þeim vöxtum, sem dæmdir hafi verið með dómi, sbr. dskj. nr. 5.

Vaxtamunur á þeim tíma, sem hér um ræði, hafi verið á þessu tímabili 0,00, þar sem vaxtahæð hafi ekki aukist að nýju fyrr en 1. 3. 1987. Hluti aðalkröfu sé hins vegar dráttarvextir af þeim málskostnaði, sem dæmdur hafi verið í dómi, sbr. dskj. nr. 5. Reiknaðir séu því dráttarvextir af 27.800,00 kr. frá 23. 4. 1986 til 13. 2. 1987, 6.046,50 kr. Hafi stefnukrafan því verið lækkuð sem því nemi og upphafsdagur vaxta jafnframt leiðréttur.

Krafan um, að málskostnaður í eldra málinu beri dráttarvexti, byggist á sömu sjónarmiðum og rakin séu hér að framan. Sanngirnirök og eðli máls leiði til þess, að rétt sé, að málskostnaður beri dráttarvexti. Enginn eðlis-munur sé á reikningi fyrir málskostnaði og öðrum reikningum, sem þjón-ustuaðilar gefi út fyrir vinnu sína. Samkvæmt almennum reglum sé heimilt að reikna dráttarvexti á reikninga, sem ekki fáist greiddir á gjalddaga. Þá sé á það bent, að um langan aldur hafi verið heimild í gjaldskrá LMFÍ til að reikna dráttarvexti á málskostnað. Heimild til slíkrar vaxtakröfu sé nú í 175. gr. eml. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. I. nr. 54/1988 um breytingu á þeim lögum.

Í varakröfu sé byggt á sömu málsástæðu og lagarökum og rakin séu hér að ofan. Hér sé hins vegar fallið frá kröfu um dráttarvexti á málskostnað í eldra málinu.

Málsástæður stefndu.

Sýknukröfu sína reisa stefndu á því, að á þeim tíma, er dómur var kveð-inn upp í fyrra málinu, hafi dómari verið bundinn af réttarfarsákvæðum þess efnis, að eigi hafi verið unnt að kveða á um breytilega vexti í dóms-orði. Með dómi þessum hafi lögskipti aðila verið til enda kljáð. Lúti þau því algerlega eldri lögum. Lagabreytingar þær, er stefnandi vísi til, hafi orðið á árinu 1987, hvað heimild til ákvörðunar breytilegra vaxta varði, og á árinu 1988, hvað varði heimild til að leggja dráttarvexti á málskostnað. Í lögum þessum sé þess eigi getið, að þau skuli taka til tilvika, er urðu fyrir gildis-töku þeirra. Verði því að beita þeirri almennu reglu lagaskilaréttar, að lög séu ekki afturvirk, nema þau mæli svo. Af þessum sökum verði stefndu eigi gert að greiða aðra vexti en þá, sem dæmdir voru í samræmi við gildandi lög þess tíma, er dómur var kveðinn upp, og beri því að sýkna af kröfum stefnanda.

Varðandi dráttarvaxtakröfu á málskostnað er því sérstaklega mótmælt, að lög, er heimili töku vaxta, sem alls ekki hafi verið heimilt að krefjast

áður, verði látin verka afturvirkir vegna málskostnaðar, er þegar hafi verið dæmdur, þá er lög þessi tóku gildi.

Sýknukrafa er enn fremur studd þeim rökum, að krafa stefnanda sé of seint fram komin sökum tómlætis. Hafi stefnandi eigi talið sig hafa fengið fullnægjandi aðfarargrundvöll um fullar efndir kröfu sinnar, hafi honum borið að gera slíka kröfu, strax og ný vaxtalög tóku gildi, er heimili dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum. Hvað dráttarvexti á málskostnað varði, hefði slík krafa þurft að koma fram án ástæðulausrar tafar eftir gildistöku l. nr. 54/1988 um breytingu á einkamálalögum. Mál til heimtu framangreindra vaxta hafi ekki verið höfðað fyrir en í ársbyrjun 1991. Stefndu hafi mátt gera ráð fyrir, að stefnandi sætti sig við áður upp-
kveðinn dóm, og beri því að sýkna stefndu með öllu af kröfu stefnanda.

Varakröfu sína reisa stefndu m. a. á því, að í útreikningi stefnanda, sbr. dskj. nr. 10, sé stefndu gert að greiða vexti af kostnaði. Stefndu hafi eigi verið dæmd til greiðslu slíks kostnaðar, og eigi stefnandi því ekki rétt á greiðslu slíks kostnaðar. Beri því að lækka aðalkröfu stefnanda um 126.264 kr. og varakröfu hans um 59.609,41 kr.

Þá byggist lækkunarkrafan á því, að verulegur hluti vaxta af skuldabréfi því, er krafa þessi grundvallast á, sé fyrndur skv. l. nr. 14/1905 um fyrningu. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga fyrnist gjaldkræfir vextir á fjórum árum. Vextir, er gjaldfallnir voru 4 árum fyrir stefnubirtingardag, séu því fyrndir, og beri að lækka stefnukröfur sem því nemi.

Að teknu tilliti til framanritaðs beri að lækka stefnufjárhæð. Hvort sem aðal- eða varakrafa stefnanda verði tekin til greina, verði hún aldrei hærri en 176.821,00 kr. að frádregnum fyrndum vöxtum vegna tímabilsins 10. 1. 1986 til 13. 2. 1987. Fjárhæð fyrndra vaxta sé þó eigi hægt að gera grein fyrir vegna óskýrrar kröfugerðar stefnanda.

Lagarök stefndu.

Stefndu vísa til 88. gr., sbr. 193. gr. eml., og almennra reglna lagaskilaréttar um tengsl yngri laga og eldri og almennra reglna um afturvirkni laga. Þá vísa stefndu til 21. gr. l. nr. 25/1987 um gildistöku þeirra laga. Um fyrningu vísa stefndu til 3. gr. l. nr. 14/1905. Um málskostnað vísa stefndu til 1. mgr. 175. gr., sbr. 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936, og um rétt til dráttarvaxta af málskostnaði til 2. mgr. 175. gr. s. l.

III.

Gangur málsins.

Málið var þingfest 21. febrúar 1991. Greinargerð stefndu var lögð fram 18. apríl s. á., og fór málið þá út af reglulegu bjarþingi. Undirritaður dómari tók við málinu 1. september s. á.

Af hálfu stefndu kom fram krafa um frávísun málsins, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 12. desember s. á. Með dómi, upp kveðnum sama dag, var málinu vísað frá dómi.

Stefnandi kærði frávísunardóminn. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. febrúar 1992, var hinn kærði frávísunardómur felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

IV.

Niðurstaða.

Í upphaflegri kröfugerð stefndu var krafist frávísunar, annars vegar vegna þess, að stefndu töldu, að búið væri að dæma um ágreiningsefnið, en hins vegar vegna ófullnægjandi kröfugerðar stefnanda. Var fallist á fyrri málsástæðuna og málinu vísað frá dómi, eins og fyrr greinir, en ekki var tekin afstaða til síðari frávísunarmálsástæðunnar. Af hálfu stefndu hefur ekki verið formlega fallið frá þeirri kröfu, en talsmaður stefndu vék að því við munnlegan málflutning, að dóm Hæstaréttar væri ekki unnt að skilja á annan veg en þann, að það atriði væri ekki lengur til úrlausnar, þar sem dómurinn fæli í sér fyrirmæli um efnisdóm. Er málið því hér til efnisúrlausnar.

Endanleg kröfugerð stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafist um mismun umsaminna og dæmdra dráttarvaxta af vangreiddri skuld vegna skuldabréfs, en hins vegar dráttarvexti af vangreiddum, dæmdum málskostnaði.

Það er ágreiningslaust, að stefndu bar skv. ákvæðum skuldabréfsins að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti við vanskil. Þá liggur fyrir, sbr. áður nefndan dóm Hæstaréttar, að þrátt fyrir það að hafnað væri kröfu stefnanda um 3,75% dráttarvexti á mánuði frá 10. janúar 1986 til greiðsludags með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 8. apríl 1986, þá væri þar með ekki verið að taka efnislega á þeirri kröfu, heldur hefðu réttarfarsákvæði komið í veg fyrir, að stefnandi gæti þá fengið dóm, þar sem afstaða væri tekin til kröfu um breytilegan vaxtafót eftir dómsuppsögu, eins og segir í dómi Hæstaréttar. Með lögum nr. 25/1987 var þeirri hindrun hins vegar rutt úr vegi. Má því fallast á það með stefnanda, að hann eigi rétt á að fá dóm fyrir eftirstöðvum kröfu sinnar og eigi þannig ekki að vera verr settur en hann hefði verið, ef hann hefði höfðað málið, eftir að lögin tóku gildi. Er því ekki fallist á þá sýknuástæðu stefndu, að með fyrri dómi hafi lögskipti aðila verið til enda kljáð.

Sýknukröfu sína reisa stefndu enn fremur á tómlæti. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, eins og áður greinir. Lög nr. 25/

1987 eru dagsett 17. mars 1987, og tóku þau gildi 14. apríl 1987. Því er ómótmælt, að fyrri greiðsla upp í kröfuna var greidd í október 1990 og loka-greiðsla í nóvember s. á. Liggur því ekki fyrir, að stefnanda hafi mátt vera ljóst fyrir, að stefndu myndu ekki greiða hærri vexti en ákveðið var í dóms-orði, og var kvittun gefin fyrir greiðslunum með fyrirvara um málshöfðun vegna vaxtamunar. Af framangreindum sökum er ekki fallist á tómlætis-málsástæðu stefndu.

Stefnandi reisir kröfufjárhæðina á dskj. nr. 10, sem hann útskýrir nánar á dskj. nr. 17, sbr. dskj. nr. 18.

Stefnandi kveður lið B á dskj. nr. 10 vera samkvæmt útreikningi stefndu. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, og er sá útreikningur í sam-ræmi við uppgjör stefndu, sbr. dskj. nr. 8 og 9. Þar kemur fram m. a., að stefndu greiddu í dráttarvexti af höfuðstól til 24. 10. 1990 468.835,26 kr. Samkvæmt útreikningi stefnanda í liðum A og C á dskj. nr. 10 nema samn-ingsbundnir dráttarvextir fyrir þetta tímabil 705.511,60 kr. Þessum útreikn-ingi hefur ekki verið mótmælt sérstaklega sem röngum af hálfu stefndu, eft-ir að stefnandi lagði fram dskj. nr. 17 og 18.

Ber því með vísan til þess, sem að framan er rakið, að taka til greina kröfu stefnanda um mismun á samningsbundnum dráttarvöxtum og dæmd-um vöxtum með 236.676,34 kr., og ber sú fjárhæð dráttarvexti skv. 10. gr. I. nr. 25/1987 frá 24. 10. 1990 til greiðsludags.

Varakröfu sína reisa stefndu m. a. á fyrningu, þannig, að áfallnir dráttar-vextir fyrir 13. 2. 1987 séu fyrndir. Af hálfu stefnanda er á þetta fallist, og er endanleg kröfugerð hans við það miðuð.

Ekki er fallist á þá sýknumálsástæðu stefndu, að stefnandi geti ekki kraf-ist dráttarvaxta af málskostnaði, sem er í vanskilum. Sú breyting, sem gerð var á 175. gr. I. nr. 85/1936 með 21. gr. I. nr. 54/1988, leiðir til þess, að unnt er að kveða á um dráttarvexti á málskostnað í dómi þegar við ákvörðun máls-kostnaðar, enda þótt málskostnaðurinn sé, af augljósum ástæðum, ekki kominn í vanskil.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um það, að stefndu stóðu ekki skil á dæmdum málskostnaði.

Stefndu reisa varakröfu sína um lækkun á því m. a., að í útreikningi stefnanda, sbr. dskj. nr. 10, sé stefndu gert að greiða vexti af kostnaði, sem þau hafi ekki verið dæmd til greiðslu á. Beri því að lækka aðalkröfu stefn-anda um 126.264,50 kr. og varakröfu hans um 59.609,41 kr.

Í málatalibúnaði stefnanda er ekki að finna nein gögn um þann útlagða kostnað, sem hann reiknar sér vexti af. Samkvæmt dskj. nr. 10, lið B, kemur fram, að stefndu greiddu áfallinn kostnað, 52.080,00 kr., útlagðan kostnað,

29.382,25 kr., og vexti af kostnaði, 59.609,41 kr. Ekki kemur fram, vegna hvers þessi áfallni og útlagði kostnaður er. Hins vegar má skilja á málalíbúnaði stefnanda í grg., sbr. og dskj. nr. 17, að inni í þessum áfallna og/eða útlagða kostnaði sé falinn hinn dæmdi málskostnaður, 27.800,00 kr. Í útreikningum stefnanda kemur dæmdur málskostnaður þó ekki fram sem sundurliðuð fjárhæð frá öðrum kostnaði, og eru vextir jafnframt reiknaðir í einu lagi af þeim kostnaði.

Með því að ekki liggur fyrir útreikningur stefnanda á þeim vöxtum sérstaklega, er þessi hluti kröfu stefnanda tekinn til greina þannig, að 27% ársvextir dæmast af 27.800,00 kr. frá 13. 2. 1987 til 1. 3. s. á., eða 30% ársvextir frá þeim degi til 14. 4. s. á., en frá þeim degi ber fjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. 1. nr. 25/1987, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn, en uppkvaðning hans hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón S. Bjarnason, Þingási 35, Reykjavík, Heba Hallsdóttir, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarni G. Ágústsson, Víkurbraut 48, Grindavík, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni, Skeifunni 17, Reykjavík, 236.676,34 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. 1. nr. 25/1987, frá 24. 10. 1990 til greiðsludags. Enn fremur greiði stefndu stefnanda 27% ársvexti af 27.800,00 kr. frá 13. 2. 1987 til 1. 3. s. á., en 30% ársvexti frá þeim degi til 14. 4. s. á., en dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. 1. nr. 25/1987, af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
